

Nr. 1252

22. desember 2015

## AUGLÝSING um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að banna stöðu ökutækja við suðurkant Guðrúnartúns, frá innkeyrslu að Guðrúnartúni 8–10 að Katrínartúni;
2. að banna stöðu ökutækja við vesturkant aðkomugötu að Borgartúni 30a og 30b.  
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
3. að almennt stæði við norðurkant Lindargötu á móti nr. 33 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða;
4. að afmarkað verði eitt stæði fyrir hreyfihamlaða við norðurkant Fornhaga á móti nr. 8 sem er dagheimili.  
Bílastæðin eru merkt með umferðarmerkinu D01.21 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórin á höfuðborgarsvæðinu, 22. desember 2015.*

**Sigríður Björk Guðjónsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2016